

Nd.

86. Frumvarp til laga

[77. mál]

um veitingu ríkisborgararéttar.

(Lagt fyrir Alþingi á 92. löggjafarþingi, 1971.)

1. gr.

Ríkisborgararétt skulu öðlast:

1. Bjarnason, Elisabeth, húsmóðir í Vestmannaeyjum, f. í Færeyjum 7. september 1948.
2. Boucher, Alan Estcourt, kennari í Reykjavík, f. í Englandi 3. janúar 1918.
3. Boucher, Alice Kristín, skrifstofustúlka í Reykjavík, f. í Englandi 7. maí 1944.
4. Hansen, Jens Aage Vesterlund, garðyrkjumaður í Reykjavík, f. í Danmörku 4. október 1944.
5. Hodge, Susan Penelope, húsmóðir á Seltjarnarnesi, f. í Englandi 24. marz 1939.
6. Jerke, Monika Karla Carmen, verkakona í Reykjavík, f. í Þýzkalandi 26. nóvember 1945.
7. Joensen, Jens Elias Sören Frederik, sjómaður í Vestmannaeyjum, f. í Danmörku 6. október 1911.
8. Quinn, Patricia, verkakona í Reykjavík, f. í Reykjavík 24. október 1949.
9. Sigurjón Einarsson, barn, f. í Sviss 16. apríl 1968.
10. Steele, Anna Elín, nemandi í Vestmannaeyjum, f. í Reykjavík 1. ágúst 1954.
11. Sörensen, Benny Torkild, verkamaður á Akureyri, f. í Danmörku 1. maí 1938.

2. gr.

Þeir, sem heita erlendum nöfnum, skulu þó ekki öðlast ríkisborgararétt með lögum þessum, fyrr en þeir hafa fengið íslensk nöfn samkvæmt lögum um manna-nöfn.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Umsækjendur þeir, sem teknir hafa verið á lagafrumvarp þetta, fullnægja allir þeim skilyrðum, sem sett hafa verið af allsherjarnefnd beggja þingdeilda, sbr. nefndarálit á þskj. nr. 573 á 91. löggjafarþingi 18. marz 1971.